Fullgild rafræn undirskrift
ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR
2023-08-31 15:45:09 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ANNA LILJA MAGNÚSDÓTTIR
2023-08-31 15:45:51 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
LAUFEY ELÍSABET GISSURARDÓTTIR
2023-08-31 16:08:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RAKEL GUÐMUNDSDÓTTIR
2023-09-06 08:21:57 GMT
Ástæða: Undirskrift

Málsnúmer: MOS23050010 31. ágúst 2023

Fundargerð samstarfsnefndar
Þroskaþjálfafélags Íslands
og
Reykjavíkurborgar

Fundur samstarfsnefndar Þroskaþjálfafélags Íslands og Reykjavíkurborgar var haldinn miðvikudaginn 31. ágúst 2023 og hófst kl. 11:00.

Fundinn sátu: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir, f.h. ÞÍ. Rakel Guðmundsdóttir og Anna Guðmundsdóttir, f.h. Reykjavíkurborgar.

1. **Fastar greiðslur til starfsfólk leikskóla og dagvinnustarfsfólks í vinnu- og virknimiðaðri stuðnings- og stoðþjónustu**

   Fulltrúar Reykjavíkurborgar kynntu að fastar greiðslur til starfsfólks leikskóla á grundvelli gr. 1.1.3. í kjarasamningi aðila, skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs, verða með umsamdri 6,75% hækkun frá 1. apríl 2023, til eftirtalinna starfa félagsmanna ÞÍ á leikskólum;

Starfsheiti	Fjárhæð
Þroskaþjálfi	47.666
Yfirþroskaþjálfi	51.450

   Þá kynntu fulltrúar Reykjavíkurborgar jafnframt að fastar greiðslur til dagvinnustarfsfólks í vinnu- og virknimiðaðri stuðnings- og stoðþjónustu verða með umsamdri 6,75% hækkun frá 1. apríl 2023, til eftirtalinna starfa félagsmanna ÞÍ á viðkomandi starfsstöðum;

Starfsheiti	Fjárhæð
þroskaþjálfi/málefni fatlaðra	56.077

   Þá eru aðilar sammála um að fái starf endurmat/endurskoðun til hærri stigaröðunar skv. starfsmati þá komi til endurskoðunar ofangreindra greiðslna skv. 2. lið og þær geta þá tekið breytingum eftir atvikum eða fallið niður skv. nánari ákvörðun sviðanna.

2. **Önnur mál**
   - Engin önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00